



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 66. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í
Gömlubúð, Höfn,
29. mars 2019, kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarféлага og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.
Hjördís Skírnisdóttir boðaði forföll.

1. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu - 1903007

Erindi Blue Iceland ehf. dagsett 21. mars 2019. Ósk um heimild fyrir færanlega aðstöðu við Jökulsárlón.

Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem áætlað er að verði lokið síðar á þessu ári. Atvinnustefna er komin í samráðsferli. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.

2. Fláajökull-Umsókn um geymslu slöngubáta - 1903009

Erindi frá Glacier Trips ehf, ódagsett. Ósk um heimild til að nota slöngubáta á jökullóni framan við Fláajökul sumarið 2019 og geyma þá á svæðinu milli ferða. Slöngubátar eru nýttir til að ferja viðskiptavinum í jökлагöngur. Leyfi samgöngustofu fylgir erindinu.

Svæðisráð setur sig ekki upp á móti því að bátar verði geymdir við lónið sumarið 2019. Leyfi svæðisráðs er ekki fordæmisgefandi þar sem ekki hefur verið mótuð stefna um hvar verði leyfilegt að vera með siglingar á mótorbátum innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

3. Deiliskipulag Jökulsárlón breyting - 1709015

Farið yfir vinnu frá síðasta fundi. Svæðisráð fór ásamt ráðgjafahóp í vettvangsferð 11.mars. Fyrir fundinum lágu einnig tillögur frá ráðgjafa Glámu-Kím.

Gestir

Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 12:00

Sigurður Óskar Jónsson, sérfræðingur - 12:00

Svæðisráðs vann að hugmyndum að skipulagi sem færðar voru inn á kort. Þjóðgarðsverði og formanni falið að halda áfram með þessar hugmyndir.

Fundi slitið kl. 15:30.